

# VEIÐI

FÖSTUDAGUR 5. APRÍL 2019

## Veiði



Gunnar Bender veiðiskribent fer gjarnan með fjölskylduna í veiðiferðir og allir skemmta sér vel. Hann segir að það sé ánægjulegt að stangveiði sé nú að ná til yngri veiðimanna. ➔8



# Stendur vörð um hagsmuni og réttindi

SKOTVÍS hefur um rúmlega fjögurra áratuga skeið staðið vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna hér á landi. Fjöldmörg stór verkefni eru fram undan, t.d. að fá skotvopna- og veiðinámskeiðin til félagsins frá hinu opinbera.

**S**kotveiðifélag Íslands (SKOTVÍS) stendur vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna hér á landi en félagið var stofnað árið 1978. Félagið setti sér strax strangar síðareglur sem félagsmenn þurfa að gangast undir. Markmið félagsins hefur alla tíð snúið að því að stuðla að sameiningu skotveiðimanna og áhugamanna um skotveiðar og náttúruvernd, og standa um leið vörð um hagsmuni þeirra, segir Áki Ármann Jónsson, formaður félagsins. Hann segir verkefni félagsins vera ansi fjölbreytt en eitt það stærsta um þessar mundir sé að fá skotvopna-

veiðinámskeiðin til félagsins frá hinu opinbera. „Stjórn SKOTVÍS sendi erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í desember á síðasta ári þar sem við óskudum m.a. eftir því að taka yfir umsýslu og utanumhald fyrir skotvopna- og veiðinámskeið hér á landi og um leið líka veiðikortakerfið. Á Norðurlöndum sjá skotveiðifélagin um slík námskeið en prófin og utanumhald um réttindi eru hjá hinu opinbera. Í dag sjáum við um að útvega kennara á öll veiðinámskeið um allt land þannig að við skiljum ekki hvers vegna SKOTVÍS fær ekki að taka umsýslu og utanumhald námskeiða yfir eins

og tíðkast á Norðurlöndum. Módelið virkar vel þar, hvers vegna er það þá ekki hægt líka hér á landi? Við ítrekuðum erindi okkar í febrúar og höfum engin svör fengið frá ráðuneytinu.“

### 25 ára afmæli veiðikortakerfisins

Uppreiknuð heildarúthlutun styrkja úr veiðikortasjóði er um 600 milljónir að sögn Áka. Af þeirri upphæð hafa 360 milljónir runnið til Náttúrufræðistofnunar Íslands, aðallega til rjúpnarannsóknna. Líffræðistofnun Háskóla Íslands hefur fengið 100 milljónir en aðrar stofnanir minna.

„SKOTVÍS hefur aðeins fengið úthlutaðar 3 milljónir á þeim 25 árum sem veiðikortakerfið hefur verið við lýði eða 0,5%. Samtökin velta upp þeirri hugmynd hvort 10% af innkomu veiðikorta eigi ekki að renna beint til samtakanna til að standa undir fræðslu nýliða, upplýsingagjöf til veiðimanna og faglegri uppbyggingu veiðistjórnunar innan félagsins. Það væri skemmtileg afmælisgjöf þegar veiðikortakerfið heldur upp á 25 ára afmæli sitt. Á það skal bent að hugmyndin að kerfinu kom frá SKOTVÍS upphaflega,

Framhald á síðu 2 ➔

MEIRA  
ÞREK!

LIFRÆNT  
OFURFÆÐI!



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verzlana.

sem vildi renna styrkari stöðum undir rannsóknir á veiðidýrum og fá skráningu á veiði tegunda á Íslandi.“

### Fyrsta árið fritt

Félögum í SKOTVÍS hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár. „Í samstarfi við HLAÐ getum við nú boðið fyrsta árið fritt en umsóknarferlið er mjög þægilegt og hægt er að ganga í félagið með SMS-i. Nýir félagar fá samstundis rafræn félagsskirteini og allt ferlið er sjálfvirk. Stjórnin setti sér það markmið árið 2018 að fjölga félögum í 1.500 en segja má að það hafi heldur betur misheppnast því í lok árs 2018 voru félagar orðnir 1.700 sem jafngildir um 33% fjölgun á einu ári.“ Hann segir að á þriggja ári plani stjórnar sé að fjölga félögum í 2.020 fyrir lok árs 2020 og að gera sem flesta virka veiðimenn félaga í SKOTVÍS. „Sífellt fleiri konur ganga nú í félagið og þeim fjölgar ört á veiðinámskeiðum. Í stjórn SKOTVÍS sitja nú t.d. tvær konur í fyrsta sinn.“

### Plastið út

Áki er nú staddur í Kaupmannahöfn til að stilla saman strengi við önnur skotveiðisamtök Norðurlanda. „Þar verður m.a. rætt samnorrænt átak að fasa út plasti í forhlöðum haglaskota. Þrýst verður á skotaframleiðendur og innflutningsaðila að nota einungis önnur efni sem brotna niður í náttúrunni og valda ekki mengun en forhlöðin brotna niður í örplast og dreifast þaðan í lífverur,“ segir Áki. Einnig verður kosinn nýr forseti NHS (Nordic Hunters Alliance) og farið yfir áhersluatriði fyrir FACE (Samtök skotveiðimanna í Evrópu).

SKOTVÍS hefur einnig sett ýmis náttúruverndar- og umhverfismál á oddinn, t.d. verndun votlendis og líffræðilegs fjölbreytileika. „Samtökin sendu í fyrrasumar drög að samningi milli Fugla- verndar og SKOTVÍS, til að stilla saman strengi sína í þeim markmiðum. Stjórn Fugla- verndar hefur ekki enn tekið afstöðu til samningsins. Þó má geta þess að BirdLife International og FACE hafa gert með sér svipaðan samning til að auka á vernd búsvæða mikilvægra fuglategunda.“

### Áhugaverð fræðslukvöld

Núverandi stjórn SKOTVÍS hefur endurvakið fræðslukvöld félagsins og hafa þau notið sívaxandi vinsælda. „Þar má m.a. nefna fræðslukvöld um hreindýr í fyrra- vor og um rjúpunu í fyrrahaust. Í síðasta mánuði héldum við fræðslukvöld um síðfræði veiðinnar. Þangað mætti Vigfús Bjarni Albertsson prestur sem hélt fyrirlestur undir heitinu Presturinn, veiðimaðurinn og samviska hans. Eftir hann sköpuðust mjög fjörugar umræður um efnið. Fram undan eru fræðslukvöld um andaveiði, umhirðu skotvopna og meðferð og nýtingu villibráðar.“

### Virk veiðistjórnun til framtíðar

Síðasta haust sótti Áki þriggja daga námskeið um virka veiðistjórnun. Þar var m.a. rætt um veiðistjórnun á rjúpu sem eitt módel en það er að hans sögn mjög gott tól til að útbúa sveigjanlegt veiðistjórnunartæki. „Það vakti athygli að enginn frá Náttúrufræðisstofnun Íslands eða umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sat námskeiðið en starfsmenn náttúrustofnanna og Umhverfisstofnunar mættu þó vel.“

Ákvörðun veiðitíma og veiðikvóta á rjúpu tókst ekki vel síðastliðið haust



Sífellt fleiri konur leggja stund á skotveiðar og um leið fjölgar kvenkyns meðlimum í Skotvís. MYND/INGIBJÖRG ANDREA

eins og allir skotveiðimenn vita. Ráðherra steig inn með málamiðlun um að lengja veiðitímann á rjúpu um þrjú daga, úr tólf dögum í fimmtán. „Á samstarfsfundi fyrr um haustið með hagsmunaaðilum hafði SKOTVÍS kynnt niðurstöður sínar úr úrvinnslu veiðitalna og talninga þar sem niðurstaðan var ljós, fjöldi leyfðra veiðidaga jók ekki sókn veiðimanna í rjúpu. Því kom það mjög á óvart að veiðiráðgjöfin var óbreytt frá fyrri árum. Á það skal bent að áður mátti veiða rjúpu í 68 daga.“

Endurskoðun á lögum um vernd, friðun og villtar veiðar á villtum fuglum og spendýrum stendur nú yfir. SKOTVÍS hefur tilnefnt tvo aðila í nefndina og ljóst að mikil vinna er fram undan fyrir félagið. Vinnufundur munu nú fara af stað til að móta tillögur félagsins og eru ábendingar vel þegnar frá félagsmönnum bæti Áki við.

### Afdrif hreindýrskálfa á veiðitíma

Samtökin Vinir jarðar sendu erindi til Matvæla- stofnunar árið 2017 og kærðu hreindýraveiðar á grundvelli dýraverndar. „Í svari Umhverfisstofnunar til Matvæla- stofnunar kom fram að engin gögn bentu til þess að hreindýrskálfar væru ósjálf- bjarga við upphaf

veiðitíma, heldur þvert á móti. Því er alls ekki um dýraverndarmál að ræða. Þar með hefði afskiptum Matvælastofnunar af málinu átt að ljúka.“

Hann segir veiðikvótann hafa verið tilbúinn um miðjan desember á síðasta ári og hann hefði verið sendur í ráðuneyti. „Í lok janúar var haldinn fundur um vanhöld kálfa á veiðitíma á Egilsstöðum. Þar mættu ýmsir sérfræðingar ásamt fulltrúum stjórnsýslunnar, hátt í 20 manns. Matvælastofnun sendi fulltrúa á fundinn símeiðis. Á fundinum var staðfest að þau gögn sem eru til benda til þess að náttúruleg vanhöld kálfa hafi minnkað en ekki aukist eftir að veiðibann var sett á þá. Auk þess er ekkert sem bendir til þess að veiðar á hreindýrskúm hafi neikvæð áhrif eftirlifandi kálfa. Tíu dögum seinna bólaði ekkert á kvóta,

þannig að við hjá SKOTVÍS og Félagi leiðsögumanna gengum í málið og loks var kvótinn gefinn út.“ Af þessu má sjá að starf SKOTVÍS hefur sjaldan verið kröftugra en mikið starf í þágu allra þeirra sem stunda skotveiði á Íslandi er þó enn óunnið segir Áki. „Við viljum því hvetja alla þá sem vilja geta gengið til veiða um ókominn ár til að styðja við þessa mikilvægu hagsmunabaráttu okkar allra og gerast félagar í SKOTVÍS.“

En svona í lokin, hvernig list skotveiðimönnum á vegan- byltinguna? „Mín persónulega skoðun er sú að við eigum margt sameiginlegt. Bæðir aðilar vilja borða mat sem kemur beint úr náttúrunni og er annað um umhverfið. Svo lengi sem við virðum sjónarmið hvorir annarra án dómhórku þá erum við vinir,“ sagði Áki að lokum.

Rjúpnaveiðar hafa lengi notið mikilla vinsælda meðal veiðimanna. MYND/PÉTUR ALAN

“ Í samstarfi við HLAÐ getum við nú boðið fyrsta árið fritt en umsóknarferlið er mjög þægilegt og hægt er að ganga í félagið með SMS-i.

SKOTVÍS  
40  
ÁRA



SKOTVÍS hefur endurvakið fræðslukvöld félagsins sem eru mjög vinsæl.

# Ertu á leið í veiðiferð?

Hjá Arctic Trucks færðu margskonar aukabúnað sem hlífir bílnum og gerir ferðina þægilegri.



Bíll á mynd:  
**Toyota Land Cruiser 150 AT35**

## TRAPPA

Fest á prófíl-dráttarbeisli. Virkar einnig sem árekstrarvörn.



Weather  
Tech

## PLASTHLÍFAR

Húddhlífur, gluggvindhlífur og ljósaflífur á flestar gerðir bíla.

**EGR**



## SÆTAHLÍFAR

Sterkar og vandaðar hlífur sem passa á flest sæti. Fáanlegar bæði fyrir stök sæti og bekki. Hlífa sætunum við óhreinindum, auðvelt að taka af og þvo.



## ÁLBOX

Fáanleg í mörgum stærðum. Frábær á pallinn eða í skottið.



alpos

## MOTTUR Í SKOTT

Vandaðar gólfmottur í skottið sem passa í allar gerðir bíla.

Taka sérlega vel við bleytu og óhreinindum.



Weather  
Tech

**ARCTIC TRUCKS**  
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Arctic Trucks  
Kletthálsi 3  
110 Reykjavík

sími 540 4900  
info@arctictrucks.is  
www.arctictrucks.is

# Verðlaunabyssur og vöðluviðgerðir

Vart þarf að kynna Agnar Guðjónsson byssusmið fyrir íslenskum skotveiðimönnum enda er hann sá elsti í faginu og hefur rekið byssusmiðju frá haustinu 1986. Nýlega opnaði hann nýja og glæsilega sérverslun fyrir skotveiðifólk í Grafarvogi.

**P**abbi er elsti byssusmiður landsins og útskrifaðist úr byssusmiði frá Colorado School of Trades í Denver í júní 1986. Hann er landskunnur meðal skotveiðimanna fyrir afbragðs byssuviðgerðir og umboð fyrir heimsþekktar og margverðlaunaðar byssur frá Winchester og Browning,“ upplýsir Ívar Agnarsson, sölustjóri Byssusmiðju Agnars og sonur hins frækna byssusmiðs.

Í Byssusmiðju Agnars hefur verið rekið rómað byssuverkstæði og byssuverslun í 33 ár og rétt fyrir síðustu jóla opnaði fyrirtækið nýja og glæsilega sérverslun skotveiðimanna í Hverafold 1-3 í Grafarvogi.

„Okkur langaði að stækka við okkur, bjóða upp á enn meira vöruúrval og opna heillandi sérverslun þar sem skotveiðifólk finnur allt sem þarf fyrir veiðina. Við seljum nú hágæða veiði- og úti-vistarfatnað fyrir bæði kynin frá danska framleiðandanum Härkila en hann vann nýverið til verðlauna fyrir Pro Hunt Move-herralínuna og Freyju-dömulínuna á British Shooting Show sem er stærsta og virtasta byssusýning



Winchester SX4 var valin haglabysa ársins hjá NRA í Bandaríkjunum 2018.

Bretlandseyja,“ upplýsir Ívar með stolti yfir því að geta nú boðið íslensku skotveiðifólki fatnað og skó frá Härkila.

## Kvennatvíhleypur á leiðinni

Ný sérverslun Byssusmiðju Agnars hefur hlotið frábærar viðtökur veiðimanna.

„Úrval veiðivarnings í búðinni

er fjölbreytt og einstakt. Við erum meðal annars með umboð fyrir þýsku Minox-sjónaukana og einnig sjónauka og sigti frá Truglo. Einnig einstakan fatnað og byssur frá Browning, sem og byssur frá Winchester. Hér er til dæmis að finna verðlaunabyssuna Winchester SX4 sem hefur eina hröðustu skiptingu í hálf-



Agnar Guðjónsson byssusmiður og Ívar Agnarsson sölustjóri. MYNDIR/ANTON



Dönsk verðlaunahönnun Härkila.

sjálfvirkum haglabyssum í dag en ítalski heimsmeistarinn Raniero Testa skaut þrettán leirdúfur á 1,6 sekúndum með SX4. Þá völdu Landssamtök byssueigenda í Bandaríkjunum (NRA) Winchester SX4 haglabysu ársins í fyrra, enda algjörlega ómótstæðileg byssa á frábæru verði,“ segir Ívar og handleikur SX4 sem fæst svört

og í felulitum og gagnast við allar aðstæður.

Siðsumars bætist við kærkomin nýjung fyrir skotveiðifólk í Byssusmiðju Agnars.

„Þá tókum við inn sérstakar kvennatvíhleypur frá Akkar sem eru sérstaklega sniðnar að kvenlíkamanum. Það er bæði ánægjulegt og tímabært að bjóða upp á léttari og meðfærilegri byssur fyrir konur í skotveiði,“ útskýrir Ívar um Churchill-tvíhleypunar frá Akkar.

Þess má geta að Byssusmiðja Agnars býður upp á vandaðar vöðluviðgerðir.

„Við gerum við allar vöðlur, stór gót sem lítil, og hvort sem vöðlurnar eru úr Goretex eða Neoprene,“ segir Ívar sem hvetur skotveiðifólk til að fylgja Byssusmiðju Agnars eftir á Facebook þar sem reglulega bjóðast spennandi tilboð og nýjungar.

Byssusmiðja Agnars er í Hverafold 1-3 í Grafarvogi. Sjá nánar á galleri-byssur.is og á Facebook.

# Undarlegasta löndunin

Laxveiðimenn huga oftast að mögulegum löndunarstöðum er þeir stunda veiðar. Í þessu klaufalega tilviki var alls ekki hugað að slíku. Laxinn náðist samt á land, en líklega með frumlegasta hætti.

Finnur Thorlacius skrifar  
finnurth@frettabladid.is

**E**in falletasta á sem höfundur hefur veitt lax í er á efra svæði Hítarár á Mýrum, sem nefnist Grjótá/Tálmi og þar kosta veiðileyfin talsvert minna en í Hítaránni. Þarna er ægifalleg náttúra eins og hún gerist fegurst við íslenskar veiðiar og víða grasi gróid að bökkum árinna. Veiðihúsið sem fylgir veiðileyfinu er fremur stór sumarbústaður þar sem veiðimenn elda sjálfir, eitthvað sem margir veiðimenn kunna að meta. Á neðri hluta þessa veiðisvæðis Grjótár/Tálma breiðir áin úr sér og auðvelt fyrir veiðimenn að athafna sig. Rétt fyrir ofan veiðihúsið rennur áin hins vegar í fremur þröngu gili að hluta, ægífögru en þó ekki mjög djúpu.

Þangað var haldið á öðrum degi veiðiferðar fyrir nokkrum árum og ákveðið að klöngrast í upphafi dags fyrir neðan foss einn í grunnu gljúfrinu. Þarna er ekki auðvelt að athafna sig og veiðimaður þarf að standa milli stórgrýtis og fátt sem telst þokkalegt undirlag. Fyrir því var sem sagt ekki mikið hugað hvernig landa ætti laxi ef hann biti nú á, en það var nú seinni tíma vandamál! Ekki bætti úr skák að veiðifélagi minn hafði þurft að bregða sér

í bæinn á fund um morguninn og því enginn til að hjálpa til við löndun ef lukkan gengi í lið með veiðimanni.

## Hann er á!

En hver veit, rétt um mínútu eftir að færið var lagt út og látið renna niður hylinn neðan fossins kom þessi líka flotti kippur, hann var á og miðað við lætin mátti fullt eins búast við tveggja ára fiski af vænni gerðinni. Svo mikil voru lætin í fiskinum að hann var brátt kominn langt niður ána. Ekki vill betur til en svo að áin tekur hægri beygju, séð niður eftir ánni, steinsnar neðan fossins og þangað stormaði laxinn og hvarf sjónum í bili. Því lá línun utan í kletti við beygjuna og engan lax að sjá í dágóðan tíma.

Þá voru góð ráð dýr, líklega myndi línun sargast í sundur við átökin, en ekki var annað í boði en að taka sénsinn og reyna að hala hann inn, leikurinn var hvort sem er tapaður að öðrum kosti. Það var ekki sérlega huggulegt að heyrna í línunni sargast utan í klettinum þegar dregið var inn og við því búist að fá línuna í andlitid er hún slitnaði við átökin. En lengi má vona hið besta og það var einmitt það sem gerðist, línun hélt og allt í einu fór að sjást í spriklandi laxinn sem ekki linnti látunum. Fátt var annað að gera en að taka á honum og stytta vegalengdina á milli



Laxinn reyndist vera 11 pund og bragðaðist bara ágætlega reyktur.

okkar, en ekki vildi ég missa hann aftur niður fyrir beygjuna. Ekki þarf að taka það fram að enginn var árbakkinn til að fikra sig eftir niður eftir, bara klettur niður að ánni.

Þegar laxinn var halaður inn í rölegheitum sást betur og betur að þarna var þokkalega vænn fiskur sem full ástæða væri til að ná, þó ekki væri fyrir annað en að sanna þessa lygilegu veiðiaðferð fyrir veiðifélögum. Laxinn fékk um hálf tíma til að klára krafta sína og oft var hann kominn að fótum veiðimanns, er hann tók eina rokuna enn. Ávallt var honum gefin lína en ekki of löng og aldrei full hersla á bremsunni.

Ekki var þó skemmtileg tilhugsun um hvernig mætti landa þessum óþekktaranga, engin var eyrin, bara hlyldýpið neðan stórgrýtisins og bara klettur fram að árbrún að neðan.

## Stönginni fleygt og laxinn handsamaður

Því var líklega eina aðferðin fölginn í því að sporðtaka gripinn þegar hann væri kominn að fótum veiðimanns. Fyrsta tilraunin til þess mislukkaðist, en með stöngina í annarri var hin höndin komin með tak framan sporðs en þá bilaðist allt aftur og laxinn tók enn eina rokuna. Næsta tilraun var enn

„En lengi má vona hið besta og það var einmitt það sem gerðist, línun hélt og allt í einu fór að sjást í spriklandi laxinn.“

frumlegri, en þegar laxinn virtist orðinn örmagna við fætur veiðimanns henti hann stönginni á milli stórra steina, beygði sig samstundis að fiskinum og tók hann báðum höndum og handsamaði eins og galvaskur laganna vörður. Svo mikil hræðsla var við að missa laxinn að honum var troðið í geil á milli tveggja steina þar sem hann gæti alls ekki hreyft sig.

Hægt og rólega var hann þó losaður þaðan til að losa færið og tryggja að hann ætti ekki afturkvæmt í ána, þ.e. rota hann. Stoltur veiðimaður var svo úrvinda eftir þessa óvæntu veiði og óvenjulegu löndun að haldið var aftur að veiðihúsi með laxinn í hendi, enda þurfti líka að koma honum í kælingu og vigta hann. Mætti ég þá tveimur veiðifélögum mínum sem trúðu náttúrulega ekki sögu minni og trúu henni væntanlega ekki enn. Laxinn reyndist vera 11 pund og bragðaðist bara ágætlega reyktur, ef til vill enn betri vegna þess hvað mikið var fyrir honum haft.

# Lúxusleikur Valor!

ALVÖRU SÚKKULAÐI  
OG LÚXUSGISTING Á  
HÓTEL RANGÁ.

Valor á Íslandi ætlar að bjóða einhverjum heppnum í einnar nætur gistingu í lúxusherbergi á Hótel Rangá. Morgunverður og fjögurra rétta veislukvöldverður er innifalinn.

Það eina sem þú þarft að gera er að segja okkur hverjum þú vilt bjóða með þér á Hótel Rangá með því að skrifa athugasemd á Facebooksíðuna okkar.



STEVIA  
SYKURLAUST

f #valoriceland

VALOR  
FYRIR ALVÖRU  
SÚKKULAÐIUNNENDUR

HOTEL RANGÁ  
Luxury Resort & Dining  
★★★★

Allir vinsælustu vöðlupakkarnir á einum stað - fyrir alla  
**ÓVIÐJAFNANLEG VORTI**

**FERMINGAR 2019**  
HÉR ERU GJAFIRNAR.

**NÝTT 2019**

**VEGLEGUR KAUPAUKI: VEIÐIKORTIÐ 2019**  
FYLGIÐ MED FYRSTU 100 VÖÐLUPÖKKUNUM

**REDINGTON Vöðlupakki CROSSWATER**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PALIX SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **29.995 KR.**

**REDINGTON Vöðlupakki PALIX**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON PALIX SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **34.995 KR.**

**SIMMS Vöðlupakki FREESTONE**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **65.900 KR.**

**SIMMS Vöðlupakki TRIBUTARY**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **49.995 KR.**

**SIMMS Vöðlupakki TRIBUTARY Dömusnið**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT SIMMS FREESTONE SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **49.995 KR.**

**REDINGTON Vöðlupakki WILLOW Dömusnið**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT REDINGTON WILLOW SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filtsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS **36.995 KR.**

**VINSÆLU REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKARNIR**  
Á ÓVIÐJAFNANLEGU VORTILBOÐI

*Aðeins í apríl eða á meðan birgðir endast*

**VANTAR ÞIG GÓÐA OG VANDAÐA FLUGUSTÖNG Í SAFNÐ?**  
NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!



**FERMINGAR 2019**  
HÉR ERU GJAFIRNAR

**REDINGTON CROSSWATER**

VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.

**APRÍLTILBOÐ AÐEINS 23.995 KR.**  
FULLT VERÐ 29.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.

**REDINGTON PATH II**

VÖNDUÐ, MIÐHRÖÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. STÖNGINNI FYLGIR GOTT REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.

**APRÍLTILBOÐ AÐEINS 27.995 KR.**  
FULLT VERÐ 34.995 KR. ÞÚ SPARAR 7.000 KR.

*Við frjástum verð á öllum Sage flugustöngum og hjólum í apríl.*

**GAMLA GENGIÐ GILDIR TIL 1. MAÍ. NÁÐU ÞÉR Í SAGE Á GAMLA GENGINU. ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR OF SEINT.**

**ALLAR SAGE FLUGUSTANGIR OG FLUGUHJÓL Á GAMLA GENGINU TIL 1. MAÍ.**

**REDINGTON VICE**

KRAFTMIKIL, VÖNDUÐ STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. VANDAÐ REDINGTON FLUGUHJÓL MEÐ UPPSETTRI FLOTLÍNU FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR. LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á STÖNG FRÁ FRAMLEIÐANDA.

**APRÍLTILBOÐ AÐEINS 39.995 KR.**  
FULLT VERÐ 49.995 KR. ÞÚ SPARAR 10.000 KR.

**REDINGTON MINNOW**

VÖNDUÐ MIÐHRÖÐ STÖNG FYRIR YNGSTU FLUGUVEIÐIMENNINA. 8 FETA STÖNG Í FJÓRUM HLUTUM. VANDAÐ HJÓL OG UPPSETT FLOTLÍNA FRÁ RIO. HÓLKUR FYLGIR.

**APRÍLTILBOÐ AÐEINS 19.995 KR.**  
FULLT VERÐ 28.995 KR. ÞÚ SPARAR 6.000 KR.

**TFO NÝTT MERKI Í VEIÐIHORNINU**

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR Á ÖLLUM TFO FLUGUSTÖNGUM OG FLUGUHJÓLUM Í APRÍL.**

**GRÆJADU ÞIG UPP Í VEIÐIHORNINU**

# fjolskylduna LBOÐ

Veitibúð allra  
landsmanna  
veidihornid.is

PANTAÐU Á NETINU OG VIÐ SENDUM ÖLL  
VORTILBOÐIN FRÍTT Á NÆSTA PÓSTHÚS.

Frábært úrval  
**ÁRÆÐANLEG MERKI**  
Ótrúlegt verð



**REDINGTON**  
Vöðlupakki  
**SONIC PRO**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON PALIX SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filltsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**53.995 KR.**

**REDINGTON**  
Vöðlupakki  
**SONIC PRO HD**  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON PROWLER SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filltsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**66.995 KR.**



NÝTT  
2019

**SIMMS**  
Vöðlupakki  
**FREESTONE**  
*Dömusnið*  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
SIMMS VAPORTREAD SKÓM.  
Með gúmmísóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**65.900 KR.**



**REDINGTON**  
Vöðlupakki  
**SONIC PRO**  
*Dömusnið*  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON SIREN SKÓM.  
Þú velur gúmmí- eða filltsóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**59.995 KR.**

NÝTT  
2019

**SIMMS**  
Vöðlupakki  
**TRIBUTARY**  
Krakkastærðir  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON YOUTH SKÓM.  
Með gúmmísóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**29.995 KR.**

**REDINGTON**  
Vöðlupakki  
**CROSSWATER**  
Krakkastærðir  
ÖNDUNARVÖÐLUR ÁSAMT  
REDINGTON YOUTH SKÓM.  
Með gúmmísóla.  
PAKKATILBOÐ AÐEINS  
**24.995 KR.**

AUKAKRÓNUR

NÝTTU AUKAKRÓNUR  
LANDSBANKANS OG  
NÁÐU ÞÉR Í VANDAÐAR VEIÐIVÖRUR Á GÓÐU  
VERÐI Í VEIÐIHORNINU SÍÐUMÚLA 8.

**GREIÐSLUDREIFING**  
SJÁLFSAGT MÁL – RADGREIÐSLUSAMNINGAR  
Á KREDITKORT Í ALLT AÐ 36 MÁNUÐI.

## VANDAÐIR KINETIC VEIÐIPAKKAR Á ÓTRÚLEGU VORTILBOÐI

Aðeins í apríl eða á  
meðan birgðir endast

## KINETIC TÖSKUR 20% AFSL. Í APRÍL

## KINETIC HÁFAR 20% AFSL. Í APRÍL

**SEA MONSTER**  
Sjóstöng og hjól

3JA HLUTA 7 FETA SJÓSTÖNG ÁSAMT HJÓLI.  
Fullt verð 28.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **22.995 KR.**

**MILLENIUM**  
Kaststöng og hjól

2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGUM  
ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLABRI LÍNU. Fullt verð 14.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **11.995 KR.**

**RED OCEAN**  
Sjóstöng og hjól

2JA HLUTA 6,6 FETA SJÓSTÖNG ÁSAMT HJÓLI MEÐ  
ÁSPÓLABRI OFURLÍNU. Fullt verð 18.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **14.995 KR.**

**ENFORCER**  
Kaststöng og hjól

2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM  
LENGDUM ÁSAMT HJÓLI. Fullt verð 12.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **9.995 KR.**

**DEVILFISH**  
Sjóstöng og hjól

2JA HLUTA 6 FETA STÖNG ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLABRU  
NÆLONGIRNI. Fullt verð 14.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **11.995 KR.**

**NORDIC LIGHTNING**  
Kaststöng og hjól

2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM  
ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLABRI LÍNU. Fullt verð 10.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **8.995 KR.**

**OXIGAN**  
Kaststöng og hjól

2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM  
ÁSAMT HJÓLI. Fullt verð 14.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **11.995 KR.**

**DEVILFISH**  
Kaststöng og hjól

2JA HLUTA STANGIR Í NOKKRUM LENGDUM  
ÁSAMT HJÓLI MEÐ ÁSPÓLABRI LÍNU. Fullt verð 9.995 kr.

APRÍLTILBOÐ AÐEINS **7.995 KR.**



FERMINGAR 2019  
HÉR ERU GJAFIRNAR.

FERMINGAR 2019  
HÉR ERU GJAFIRNAR.

FERMINGAR 2019  
HÉR ERU GJAFIRNAR.



## VEIÐIHORNID

SÍÐUMÚLA 8 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 568 8410 | veidihornid.is

**OPIÐ ALLA DAGA**  
ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR – ÞAÐ ÞÝÐIR BARA EITT:  
VEIÐIHORNID ER OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR.

Verið  
velkomin

STRAX Í VOR OG NJÓTTU Í ALLT SUMAR.

FYLGDU OKKUR Á  
FACEBOOK  
FERSKAR FRÉTTIR,  
SPIJALL OG  
FYRIRSPURNIR.

# Veidimenn yngjast talsvert

Gunnar Bender hefur fjallað um veiði í dagblöðum og tímaritum í áratugi. Fáir vita meira um stangveiði. Gunnar hlakkar til sumarsins og segir það ánægjulegt að ungum veiðimönnum fjölgi.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Gunnar segir að veiðitímabilið hafi byrjað 1. apríl og það hafi ekki verið neitt apríl-gabb. „Veiðin undanfarna daga hefur gengið langt framur vonum miðað við hvað það var kalt í veðri,“ segir hann. „Þeir fengu til dæmis um 150 fiska í Litluá í Kelduhverfi sem er ótrúlegur árangur í þessum kulda. Það var bæði bleikja og urriði. Einnig var ágætis veiði við Kirkjubæjarklaustur. Öllum vorfiski er sleppt í ána aftur. Það er mjög lítið um það í vorveiði að menn séu að veiða sér til matar,“ útskýrir hann og bætir við að vatnaveiði hefjist 1. maí og þá taki menn aflann. „Laxveiðin hefst síðan í byrjun júní.“

## Ekki rigningasumar aftur

Gunnar hefur áhyggjur af snjóleysi fyrir áramótin. „Það kom ágætis tímabil en nú er eiginlega allur snjór farinn. Það hefur áhrif á vatn í ánum,“ segir hann. „Mann langar ekki í annað rigningasumar en vissulega er áhyggjuefni hversu lítið vatn er í ánum. Eins árs laxinn á eftir að skila sér ágætlega en það

er svolítið óljóst hvernig sumarið verður í veiði þótt maður voni það besta. Það er nú samt fólk á öllum aldri sem hlakkar til veiðisumarsins,“ segir hann.

„Það er virkilega mikið fagnaðar-efni hversu veiðimenn eru að yngjast. Við þurfum að draga krakkana frá tölvunum. Mun betra fyrir þau að komast út í náttúruna og draga að sér hreina loftið. Það hefur ekki verið mikil endurnýjun í aldri og veiðimenn hafa verið að eldast. Mér finnst því frábært að sjá aukinn áhuga hjá yngra fólki,“ segir Gunnar sem ætlar í nokkrar veiðiferðir í sumar.

## Gott fjölskyldusport

„Konan mín, María Gunnarsdóttir, er mikil veiðiáhugamanneskja. Við ætlum saman í veiði í sumar. Börnin mín hafa líka haft gaman af veiði svo þetta er orðið fjölskyldusport. María er líka skotveiðimaður og hefur verið að kenna mér þá list. Ég fór til dæmis með henni á rjúpu og gæs í haust og fékk að fylgjast með. Það var í fyrsta skipti sem ég fór í skotveiði og við löbbuðum um það bil 50 km. Við fengum nokkrar rjúpur og flotta útiveru. Annars er ég frekar fyrir stangveiðina,“ segir hann.



Gunnar í veiði með dætrum sínum, Önju og Hafrúnu, við Hreðavatn síðastliðið sumar. Dæturnar hafa mikinn áhuga á veiði ekki síður en pabbinn. Þetta er frábært fjölskyldusport. Myndina tók eiginkona Gunnars, María.



**Eitt kort**  
**34 vötn**  
**7.900 kr**

Frelsi til að veiða!




**ÞETTA ER BYRJAD!**

www.veidikortid.is

Við þurfum að draga krakkana frá tölvunum. Mun betra fyrir þau að komast út í náttúruna og draga að sér hreina loftið. Það hefur ekki verið mikil endurnýjun í aldri og veiðimenn hafa verið að eldast.



Gunnar með vnanan feng síðastliðið sumar. MYND/MARÍA GUNNARSDÓTTIR

Gunnar hefur gefið út Sportveiði-bláðið með góðum árangri. „Þetta er 39. árið sem bláðið kemur út og svo hef ég verið að vinna veiðiþætti fyrir Hringbraut. Við munum taka upp fleiri þætti í sumar sem fara í sýningu í haust.“ Gunnar segir að það komi alltaf einhverjir frægir veiðimenn hingað á hverju sumri. „Þeir Eric Clapton og David Beckham koma nánast á hverju ári. Bæði frábærir veiðimenn,“ segir hann. „Yfirleitt koma sömu veiðimennirnir aftur og aftur,“ segir Gunnar og bætir því við að hann hafi skroppið að Vífilsstaðavatni í vikunni og þar hafi nokkrir harðjajaxlar verið að veiða í kuldanum. „Það er mjög vel af sér vikið.“

Stangveiði hefur alltaf verið vinsæl hér á landi. Til gamans má geta þess að Stangaveiðifélag Reykjavíkur var stofnað 17. maí árið 1939 og heldur því brátt upp á 80 ára afmæli. Tilgangur þess til að byrja með var að halda utan um leigu á Elliðaánum en félagið hefur vaxið og dafnað síðan.



## HÖRKJUTILBOÐ

### MMC L200 Intense MT

33" breyting, Good Year jeppadekk, gluggahlíf og húddhlíf.  
**5.750.000 kr.**

33" breyting og hamrað palllok með grind (veltigrind).  
**5.990.000 kr.**

33" breyting og Mitsubishi pallhús  
**5.990.000 kr.**

www.mitsubishi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



5  
ÁR  
ÁBYRGÐ  
HJÁ  
HEKLU



MITSUBISHI  
MOTORS  
Drive your Ambition



LANCÔME  
PARIS

HÁMARKS FRUMUENDURNÝJUN  
FYRIR SJÁANLEGA UMBREYTTA HÚÐ



AF ÖLLUM ÞÚSUNDUNUM,  
ERT ÞÚ SÚ EINA.

NÝTT ABSOLUE KREM

#IAMTHEONE

# LANCÔME KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLU  
FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS, 5. – 7. APRÍL.



**20% AFSLÁTTUR**  
AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

Glæsilegur kaupauki þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 9.500 kr eða meira á meðan birgðir endast.

## LANCÔME MÆLIR MEÐ: ABSOLUE LÚXUSLÍNUNNI

Rannsóknarstofur Lancôme hafa í meira en 80 ár þróað aðferðir til að ná fram endurnýjandi krafti úr sérræktuðum rósum til að nota í einstaka gæðalínu.

ABSOLUE formúlurnar innihalda hið dýrmæta Grand Rose Extracts, unnið úr þessum öflugum rósakjörnum ásamt Pro-Xylane.

Nýju Absolue kremin koma í tveimur áferðum Soft og Rich cream og hægt er að fá fyllingar í þau.

Kremin örva frumuendurnýjun, þétta húðina, hrukkur og fínar línur virðast minni, húðin mýkri og unglegri og aukinn ljómi.

Absolue er heil lína með augnkremum, Rose drops (glycolic sýra), andlitsvötnum, olíum, serumum, maska og varakremum.



# 20-25 prósent fullorðinna stunda lax- og silungsveiði

Tekjur af lax- og silungsveiði hafa margfaldast á undanförunum árum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar um virði lax- og silungsveiði. Stangveiðimenn greiddu rúma fimm milljarða fyrir veiðileyfi á síðasta ári en talan var um milljarður króna árið 2004.

**4,9** milljarða greiddu stangveiðimenn fyrir veiðileyfi árið 2018.

**2,9** milljarðar er beinn kostnaður innlendra veiðimanna af veiðum.

**2,2** milljarðar er beinn kostnaður erlendra veiðimanna.

**1** milljarður fer í fjárfestingar í veiðihúsum, laxastigum og fleira á ári.

**8,7** milljarða af landsframleiðslu má rekja beint til lax- og silungsveiði eftir að innflutningur hefur verið dreginn frá. Árið 2004 var talan 1,7 milljarðar.

**60** þúsund krónur eru meðaltekjur veiðifélaga á hvern lax með fullri þjónustu í 15 ám.

**95** þúsund eru meðaltekjur á stangardag.

**99** laxveiðiár eru opnar fyrir veiði í rúma 90 daga á sumri að meðaltali.

**47.065** stangardagar (veiði með



einni stöng í einn dag) eru því í boði.

**50** prósent skipting er á milli útlendinga og Íslendinga þegar kemur að stangardögum.

**10.600** Íslendingar renna fyrir lax

á meðalsumri og um sjö þúsund útlendingar.

**40** prósent þeirra sem veiða í íslenskum ám eru útlendingar. Erlendir veiðimenn eru yfirleitt í meirihluta á dýrasta tíma.

**20-25** prósent fullorðinna Íslendinga stunda lax- og silungsveiðar.

**60** fyrirtæki, félagsamtök og óformlegir hópar leigja íslenskar ár og vötn af veiðifélögum og landeigendum.

Samkvæmt mati á greiðsluvilja með ferðakostnaðaradferð var greiðsluvilji stangveiðimanna 818.000 kr. fyrir veiðiferð sem tók að meðaltali 2,3 daga eða 356.000 kr. á dag. NORDIC- PHOTOS/GETTY



Hingað til lands koma um 7.000 manns á ári til að veiða lax og a.m.k. 5.000 silungsveiðimenn.

**60-80** þúsund kostar dagurinn með leiðsögumönnum í góðum laxveiðiám á Íslandi.

**12** þúsund útlendingar veiddu lax eða silung árið 2018, varlega áætlað.

**3.500** félagsmenn eru í fjölmennasta veiðifélagi landsins, Stangaveiðifélagi Reykjavíkur.

**178** veiðihús eru á Íslandi og svefnpláss a.m.k. 1.500.

**650** milljónum eyða veiðimenn að jafnaði í búnað og fatnað á ári.

**356** þúsund krónum eru veiðimenn tilbúnir að eyða á dag í veiðiferð.

## Blaser



- Blaser riffllar
- Sauer riffllar
- Weatherby riffllar
- Anschutz riffllar
- Blaser haglabyssur
- Benelli haglabyssur
- Breda haglabyssur
- Marocchi haglabyssur



Sérverslun  
skotveiðimannsins

Hlað ehf.  
Bíldshöfða 12  
Sími: 567 5333  
www.hlad.is

## Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU

Job.is

### Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hjóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is

### Bílar til sölu



#### VITO CDI 113 4X4

Útvega þennan frá Hollandi innan þriggja vikna. Skráður 10/2011. Úrvals bíll, hlaðinn aukabúnaði, reglubundið viðhald, ekinn 254 þús km. Verð, skoðaður og skráður: 1.550 þús án vsk. jb@isfar.is, s. 8973015

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

### Hjólhýsi



#### HOBBY HJÓLHÝSI 2019 STÓRSPARNADUR!

Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is  
s. 863 4449

### Þjónusta

### Pípulagnir

Pípuþjónustumeistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

#### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Felli tré og gryssa og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

### RETTA-BÓKHALDSPJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Allhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### HÚSFÉLÖG.

Ástandsskoðun fasteigna

Framkvæmdaefirtlit

Ástandsskoðun lagnakerfa

Rakavandamál

Verk og kostnaðaráætlun

Pitt Val ehf  
s 8448200  
thittval@simnet.is

### Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum



Vesturhrauni 3  
210 Garðabær  
Sími: 480 0000  
www.afvelar.is  
sala@afvelar.is

### Nudd

#### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasimar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Skemmtanir

# CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnámán

**BOLTINN Í BEINNI**

**LEIKIR HELGARINNAR**

LAUGARDAGUR  
16:30 Man.City - Brighton

SUNNUDAGUR  
13:00 Everton - Arsenal

*Boltatilboð*

**LIFANDI TÓNLIST**

**SMELLUR ásamt EDDU ÁRA**

FÖSTUDAG & LAUGARDAG  
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

SÍMI 554 2166  
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

**WWW.CATALINA.IS**

Keypt  
& Selt

## Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

STADGREIDUM OG LÁNUM  
ÚT Á: GULL, DEMANTA,  
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,  
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Heilsa

## Nudd



## TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570  
FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116  
REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR  
990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir  
Sverrir í s. 661 7000

## Atvinnuhúsnæði

## ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m<sup>2</sup> Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

## GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

## Atvinna

## Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI,  
MÚRARA, MÁLARA EÐA  
ADRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta  
- proventus.is Sími 551-5000  
Netfang proventus@proventus.is

## Tilkynningar

## Einkamál

## SÍMADÖMUR 908 5500

Við erum mjög heitar, langar til að heyrast í þér. 100% trúnaður.

## Tilkynningar

Mat á umhverfisáhrifum  
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Hótel og baðstaður við Reykholt í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
- Breyting á efnistöku í Svartagilslæk í Berufirði, Djúpvogshreppi

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 6. maí 2019.



Búmenn hsf  
Húsnæðissamvinnufélag  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími 552 5644  
bumenn@bumenn.is  
www.bumenn.is

Aðalfundur  
Reykjavíkurdeildar Búmannanna  
2019

Verður haldinn þriðjudaginn 16. apríl n.k. í Safnaðarheimili Guðriðarkirkju kl. 17:30.

## Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kosning fulltrúa Reykjavíkurdeildar á aðalfund Búmannanna.
3. Kosning stjórnar.
4. Fréttir frá aðalstjórn og skrifstofu Búmannanna.
5. Önnur mál.

Allir félagsmenn Búmannanna í Reykjavík hvattir til að mæta.

Stjórn Reykjavíkurdeildar Búmannanna

## Tilkynningar

## FRAMKVÆMDALEYFI

Ásvallabraut - auglýsing vegna framkvæmdaleyfis

Í samræmi við 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi auglýsir Hafnarfjarðarbær útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við gatnagerð Ásvallabrautar frá Kaldárselsvegi að Skarðshlíð.

Framkvæmdaleyfið var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 23. mars sl. Með vísan til 4. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er þeim sem telja sig eiga löggvarðara hagsmuna að gæta vakinn athygli á því að kærufrestur er 4 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar.

Nánari upplýsingar á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)

HAFNARFJARÐARBÆR  
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR  
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER  
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 - 16.00  
ALLA VIRKA DAGA

585 5500  
[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



www.hagvangur.is

FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN HJÁ HAGVANGI  
FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA

## Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum  
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS